

**Nefndasvið Alþingis  
Félags – og tryggingamálanefnd  
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (31. mál).

*Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að frítekjumarki lífeyrissjóðsgreiðslna lífeyrisþega verði hækkað.*


Nú sem aldrei fyrr þarf ríkissjóður að sýna ráðdeild og aðhald í rekstri. Hvort sem útgjöldin eru stór eða smá þá er ríkissjóður einfaldlega ekki aflögufær enda stendur hann nú frammi fyrir því að þurfa að skera niður útgjöld um 40 ma. kr. eða auka skattheimtur sem því nemur. Með því að samþykkja frumvörp, við aðstæður sem þessar, sem beinlínis fela í sér útgjaldaaukningu er verið að auka á þrýsting til skattahækkana.

Aukin skattbyrði er borin uppi af atvinnutekjum allra Íslendinga, líka ellilífeyrisþegum. Er frumvarpið þannig beinlínis til þess fallið að draga úr ráðstöfunartekjum þeirra sem því er ætlað að aðstoða. Þetta er einungis ein birtingarmynd þess hversu slæmar afleiðingar skattahækkanir hafa almennt í för með sér, en þó sérstaklega við núverandi aðstæður. Auk þess að rýra ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega, sem og annarra, þá draga auknar skattbyrðir úr hvata einstaklinga og fyrirtækja til að afla sér og þar með ríkissjóði tekna. Slík þróun væri vitaskuld afskaplega bagaleg í ljósi þess að verulegs samdráttar er að vænta í tekjum hins opinbera á næstu misserum.

Umtalsverður samdráttur opinberra útgjalda er því eini valkosturinn að mati Viðskiptaráðs.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs